

Fundur samstarfsnefndar um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps

Samstarfsnefnd kom saman til 12. fundar á Teams þann 30. júní 2025 kl. 10:00.

Fundinn sátu:

- Guðveig Eyglóardóttir, Borgarbyggð
- Ragnhildur Eva Jónsdóttir, Borgarbyggð
- Jón Eiríkur Einarsson, Skorradalshreppi
- Kristín Jónsdóttir, Skorradalshreppi
- Lilja B. Ágústsdóttir, starfsmaður Borgarbyggðar
- Jón Hrói Finnsson, KPMG
- Lilja Ósk Alexandersdóttir, KPMG, sem ritaði fundargerð

Jón Hrói setti fundinn kl. 10:02.

1. Samstarf og samráð við kjörstjórn

Sameiginleg kjörstjórn hefur fundað einu sinni og skipaður hefur verið formaður og ritari. Kjörstjórnin mun óska eftir ráðgjöf frá KPMG vegna framkvæmdar íbúakosninga eftir þörfum.

2. Kynning á tillögu

Almannatengill Borgarbyggðar mun útbúa efni með það að markmiði að ná til yngri kynslóðar á kjörskrá vegna íbúakosninga.

Fréttatilkynning verður birt á heimasíðum sveitarfélaganna í byrjun júlí.

3. Næsti fundur

JHF upplýsir samstarfsnefnd um stöðu verkefnis- og kostnaðaráætlunar.

Ákveðið að næsti fundur samstarfsnefndar verði 21. júlí kl. 10.

Fundi slitið kl. 10:35.